

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *Minnisblað*

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 17.01.2019  
Málsnúmer: FJR19010810  
Bréfalykill: 3.7

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (stjórn og endurskoðun).

### **I. Inngangur**

Í minnisblaði þessu er að finna athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna athugasemda sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (Þskj. 351 – 303. mál). Vísað er í almennar athugasemdir frumvarpsins varðandi tilefni og nauðsyn lagabreytinganna og samantektar á meginefnis frumvarpsins. Efnahags- og viðskiptanefnd bárust tvær umsagnir vegna frumvarpsins, annars vegar frá Fjármálaeftirlitinu og hins vegar frá Seðlabanka Íslands. Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnunum og tillögur að breytingum við einstakar greinar og breytingartillögu.

### **II. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd.**

#### *A. Umsögn Seðlabanka Íslands.*

Í umsögn Seðlabanka Íslands er lögð til breyting á 4. gr. frumvarpsins sem inniheldur ákvæði um tilkynningar- og upplýsingaskyldu endurskoðanda. Seðlabanki Íslands leggur til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að Fjármálaeftirlitinu beri að upplýsa Seðlabanka Íslands ef tilkynning berst á grundvelli greinarinnar sem varðar lausafjárstöðu fjármálafyrirtækis. Leggur Seðlabankinn til að orðalag sem finna má í 4. mgr. 82. gr. f í gildandi lögum verði notað sem fyrirmynd að nýrri málsgrein. Ráðuneytið bendir hér á að í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er kveðið á um skyldu FME til þess að veita Seðlabankanum upplýsingar sem nýtast í starfsemi Seðlabankans og þá sérstaklega komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu fjármálafyrirtækis sem eru í viðskiptum við Seðlabankann. Upplýsingaskylda FME samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um opinbert eftirlit er því mun rýmri en svo að einungis skuli veita upplýsingar um atriði er varða lausafjármál og telur ráðuneytið því breytingartillöguna óþarfa.

#### *B. Umsögn Fjármálaeftirlitsins.*

Fjármálaeftirlitið (FME) leggur til í umsögn sinni að gerð verði breyting á 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins en í ákvæðinu segir að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um undanþágu sem FME er heimilt að veita stjórnarmanni á grundvelli ákvæðisins. Í 6. mgr. 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB segir í enskri útgáfu tilskipunarinnar „Competent authorities shall regularly inform EBA of such authorisations“ eða í lauslegri íslenskri þýðingu „Eftirlitsaðilar skulu reglulega upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA) um undanþágur á grundvelli ákvæðisins“. Það er því rétt sem fram kemur í umsögn FME að tilskipunin kveður á um skyldu eftirlitsaðila til að upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um undanþágur en ekki heimild. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að tilskipun 2013/36/ESB hefur ekki verið tekin upp í EES-samningin og

Því ekki orðin hluti EES-réttar. Íslenska ríkinu er því ekki skylt að veita umræddar upplýsingar og EBA ber engin skylda til þess að taka við þessum upplýsingum fyrr en tilskipunin er orðin hluti EES-réttar. Ráðuneytið taldi því rétt við gerð frumvarpsins að kveða á um heimild í ákvæðinu en ekki skyldu. Þessu verði svo breytt seinna meir þegar tilskipunin er orðin hluti EES-réttar.

Í umsögn FME kemur réttilega fram að í 4. gr. frumvarpsins sé á nokkrum stöðum vísað til félags í stað fjármálafyrirtækis. Ráðuneytið styður því breytingartillögu FME þannig að orðið „fjármálafyrirtæki“ komi í stað orðsins „félags“ sex sinnum í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Seinasta ábending FME varðar einnig orðalag í 4. gr. frumvarpsins. Nánar til tekið orðalag b-lið 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem er að mati FME of þröngt. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er að finna upptalningu í þremur staflaðum um atriði eða ákvarðanir sem endurskoðanda ber skylda til þess að tilkynna FME um. Í b-lið 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að endurskoðandi skuli tilkynna um „*atriði sem kunna að hafa áhrif á áframhaldandi rekstur félagsins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutaðeigandi félags*“. Tilgangur b-liðar 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er að taka upp í íslenskan rétt efni sem kemur úr b-lið 63. gr. tilskipunar 2013/36/ESB en í enskri útgáfu tilskipunarinnar er notast við orðalagið „*affect the ongoing function of the institution*“. FME leggur til í umsögn sinni orðalagsbreytingu á b-lið 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þannig að endurskoðandi bera að tilkynna um atriði eða ákvarðanir sem „*kunna að hafa áhrif á reglulega starfsemi fjármálafyrirtækisins*“. Að mati ráðuneytisins er orðalagið sem lagt er til í umsögn FME óskýrt og gæti verið til þess fallið að þröngja inntak ákvæðisins enda óljóst hvað felst í „reglulegri starfsemi“ og þá hvort að í því fælist þá að atriði er varða „óreglulega starfsemi“ eigi þá ekki undir tilkynningaskylduna. Á sama hátt er orðið „starfsemi“ betra en orðið „rekstur“ í b-lið 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggur því til að b-liður 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins orðist svo: *atriði sem kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis*.

Með tilliti til ábendinga sem fram koma í umsögn FME er lagt til að ákvæði 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins orðist því þannig í heild: *Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju, í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtækið eða aðila sem er í nánnum tengslum við það, um atriði eða ákvarðanir sem:*

- a. *Fela í sér veruleg brot á löggjöf sem gildir um starfsemi fjármálafyrirtækisins eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 9. gr.*
- b. *Kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.*
- c. *Leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning fjármálafyrirtækisins.*

### **III. Breytingartillaga við frumvarpið.**

Með vísan til allra þeirra athugasemda sem bárust vegna frumvarpsins leggur ráðuneytið til eina breytingu á frumvarpinu. ákvæði 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins orðist svo: *Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju, í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtækið eða aðila sem er í nánnum tengslum við það, um atriði eða ákvarðanir sem:*

- a. *Fela í sér veruleg brot á löggjöf sem gildir um starfsemi fjármálafyrirtækisins eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 9. gr.*
- b. *Kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.*
- c. *Leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning fjármálafyrirtækisins.*